

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2017, mánudaginn 8. janúar, var haldinn 108. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 17.02. Viðstödd voru: Ragnar Karl Jóhannsson, Margrét Sverrisdóttir og Gunnar Kristinsson. Einnig voru viðstödd Kristinn Steinn Traustason, fulltrúi íbúasamtaka Úlfarsárdals, Linda Jónsdóttir fulltrúi Framsóknar og flugvallavina og Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri ÞÁG.

Fundarritari var Trausti Jónsson.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um umferðarhraða í hverfinu.

Stefán Agnar Finnsson, yfirverkfræðingur umhverfis- og skipulagssviðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 17.07 taka Kristín Sigurey Sigurðardóttir og Óttarr Örn Guðlaugsson sæti á fundinum.

2. Fram fer umræða um skíðabrekkuna við Reynisvatnsás og samvinnu við umhverfis- og skipulagsráð vegna Hverfið mitt 2017.
3. Fram fer umræða um afhendingu á Boccia-velli í Þórðarsveig 3 - 5. Samþykkt að fela verkefnastjóra og framkvæmdastjóra afhendingu vallarins og settsins.
4. Lagt fram bréf stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dags. 13. nóvember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn hverfisráðsins um tillögu um breytta skipan í hverfisráð.

Hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi umsögn:

Athugasemd við lið 1: Hverfisráð telur mikilvægt að borgarfulltrúar og fyrstu varaborgarfulltrúar úr viðkomandi hverfi gangi fyrir varðandi setu í ráðinu.
Athugasemd við lið 2: Hverfisráð leggst gegn hugmyndum um slemmbíval fulltrúa í hverfisráð. Mikilvægt er að valdir fulltrúar hafi áhuga á að starfa að málefnum hverfisins. Hverfisráði Grafarholts og Úlfarsárdals hugnast ekki tillögurnar eins og þær eru fram settar og óskar eftir nánari útlistunum og rökstuðningi.

5. Lagt fram bréf stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dags. 29. nóvember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn hverfisráðsins um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkur. Frestað.
6. Lögð fram til kynningar umsókn um breytingu á deiliskipulagi við Kirkjustétt 2.
7. Lögð fram til kynningar umsókn um breytingu á deiliskipulag á Hólmsheiðarvegi 151.
8. Fram fer umræða um fyrirspurn íbúasamtaka Úlfarsárdals um framkvæmdir í Úlfarsárdal. Frestað.
9. Fram fer umræða um fyrirspurn íbúa um næturstæð. Frestað.

Fundi slitið kl. 18.26

Ragnar Karl Jóhannsson

Margrét Sverrisdóttir
Óttarr Örn Guðlaugsson

Kristín Sigurey Sigurðardóttir
Gunnar Kristinsson